

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

Andarhvarf 7. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 22. desember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Andarhvarf 7. Breytingin felst í breyttri staðsetningu, lögun og stærð byggingarreita á lóðinni. Gert er ráð fyrir fjórum tveggja hæða fjölbýlishúsum með samtals 17 íbúðum í stað klasabyggingar með 16 íbúðum. Fallið er frá sameiginlegri bílgeymslu fyrir húsin og þess í stað er miðað við bílastæði og götu sem nær að hverju húsi og fjórum innbyggðum bílskúrum í hverju þeirra.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ögurhvarf 6. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari tíma breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs samþykkt þann 3. nóvember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 6 við Ögurhvarf. Í breytingunni felst að lóðin er stækkuð til suðurs um 1.400 m² og verður heildarstærð hennar eftir stækkun rúmum 10.000 m². Þá er byggingarreitur stækkaður og nyrsti hluti fyrirhugaðs atvinnuhúsnæðis verður á tveimur hæðum. Mænishæð helst óbreytt samkvæmt núgildandi skilmálum. Heildarbyggingarmagn verður 3.400 m² og hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,4. Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða breytist. Í tillögunni er gert ráð fyrir að skerma fyrirhugaða byggingu og bílastæði af, séð frá íbúðarbyggðinni austan við, með jarðvegsmön og gróðri.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 2. febrúar 2006.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2006